

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

28. fundur 20. maí 2005

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 20. maí 2005 í húsaakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Kristínar Þorgeirsdóttur skjalavarðar í veikindaförföllum héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Lokafrágangur vegna ljósmyndasýningar.
2. Önnur mál.

1. Lokafrágangur vegna ljósmyndasýningar.

Skjalavörður upplýsti að boðskort hefðu verið send út vegna opunar sýningarinnar "Börn í Kópavogi í 50 ár" (sbr. 27. fg.) og samið við hhlutaðeigandi fulltrúa bæjarins um veitingar við opnun samkvæmt beiðni stjórnar. Einnig höfðu boðsbréf og upplýsingar um sýninguna verið sendar rafrænt til fjölmiðla.

Formaður stjórnar héraðsskjalasafnsins, Hilmar Björgvinsson, mun opna sýninguna með stuttu ávarpi, en Hrafn Harðarson bæjarbókavörður tekur á móti gestum bókasafnsmeigin. Búið var að setja upp 15 útimyndir á leiðinni milli héraðsskjalasafnsins og bókasafnsins og skoðuðu stjórnarmenn hvernig þeim hafði verið komið fyrir. Alls er gert ráð fyrir að verði um 100 myndir á sýningunni frá árabílinu ca 1949-1974, fleiri þó frá síðari hluta þess tímabíls. Sumar verða hengdar upp og hafðar til sýnis á vegg í báðum söfnunum, en drjúgur hluti þeirra sýndur rafrænt á skjám, öðrum í héraðsskjalasafninu, en hinum í bókasafninu. Útisýningin varðar veginn þar á milli.

Þá var rætt um skráningu myndanna í framhaldi af umræðum á næsta fundi á undan og lögðu stjórnarmenn aftur áherslu á að tækifærið yrði notað, af því að búið er að hafa uppi á myndunum, til þess að kanna hvort safnið geti eignast eintök af þeim. Jafnframt yrði kappkostað að afla eftir föngum og skrá allar upplýsingar sem unnt er um tökustað og tíma, hverjir og hvað sést á myndunum, hverjir ljósmyndararnir hafa verið og í hverra eigu myndirnar eru, svo að fyrir liggi hvar þessara heimílda er að leita.

2. Önnur mál.

- a) Að gefnu tilefni var skjalaverði falið að innkalla ljósmyndir sem hangið höfðu á Café Borg og láta gera við þær eftir að þeim hefði verið skílað. Jafnframt var samþykkt að lána ekki myndir þangað aftur.
- b) Ákveðið að stefna að næsta fundi öðru hvorum megin við næstu mánaðamót.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17.05.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Kristín Þorgeirsdóttir
skjalavörður